



# Þrif og öryggisatriði í íþróttahúsum



**UMHVERFISSTOFNUN**

Akureyri Egilsstaðir Ísaförður Mývatn  
Reykjavík Snæfellsnes Vestmannaeyjar

2010



## UMHVERFISSTOFNUN

Þrif og öryggisatriði í flóttahúsum.

### TEXTI

Hollustuhópur Umhverfisstofnunar  
og Heilbrigðiseftirlitssvæða.  
Í yfirumsjón Brynju Jóhansdóttur

### HÖNNUN OG UMBROT

Völundur Jónsson

### PRENTUN

Guðjón Ó.

© Umhverfisstofnun, Reykjavík, 2010

UST- 2010:08



UMHVERFISSTOFNUN  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík  
Sími: 591 2000  
Símbref: 591 2010  
umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is

# EFNISYFIRLIT

<b>SAMANTEKT</b>	4
<b>INNGANGUR</b>	5
<b>FRAMKVÆMD VERKEFNISINS</b>	5
<b>NIÐURSTÖÐUR</b>	6
Þrif og loftræsting	6
Öryggisatriði	8
<b>UMRÆÐA</b>	10
Þrif og loftræsting	10
Öryggisatriði	10
Samantekt svara	10
<b>VIÐAUKI</b>	11



## SAMANTEKT

Í árlegu eftirlitsverkefni Hollustuháttahóps Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga var gerð úttekt á þrifum og ýmsum öryggisatriðum í 85 íþróttahúsum á öllu landinu. Álag í mörgum íþróttahúsum er mjög mikið og sum þeirra í nær stanslausri notkun frá því snemma á morgnana og langt fram á kvöld. Við slíkar aðstæður sem og í öðrum íþróttahúsum er mjög mikilvægt að skipulag þrifa sé í föstum skorðum og að starfsfólk sem sinnir þeim hafi góðar leiðbeiningar. Einnig er mjög mikilvægt að öryggi notenda sé tryggt.

Niðurstöður eftirlitsverkefnisins leiðir í ljós að almennt þrif í íþróttahúsum virðast vera í góðu lagi og sjónrænt mat heilbrigðisfulltrúa á almennum þrifum styður það. En forstöðumenn íþróttahúsa mega taka sig á í að koma á skriflegri hreinlætisáætlun fyrir þrif á tækjum og búnaði, fyrir allsherjarþrif og fyrir þrif á blóði og líkamsvessum.

Vel loftræst ræstiaðstaða með skolvaski er til staðar í öllum húsunum en nokkuð vantar á að hún sé læst. Hreinsiefni geta verið hættuleg og eiga að geymast þar sem börn ná ekki til. Loftræsikerfi er í allflestum húsum.

Varðandi öryggisatriði í íþróttahúsum þá er mikilvægt að forstöðumenn íþróttahúsa tryggi að Reglur menntamálaráðuneytisins um öryggi í íþróttahúsum séu til staðar og farið sé eftir þeim. Reglurnar voru til staðar í um 70% húsum. Að undanskildum hitastýrðum blöndunartækjum og sjúkrakassa sem voru til staðar í yfir 90% húsum þá eru aðrir öryggisþættir sem spurt var um ekki í nógu góðu lagi s.s. neyðaráætlun, skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk, reglulegt eftirlit með búnaði til íþróttaiðkana sem og sjúkraherbergi eða aðstaða til aðhlyningar.

Forstöðumenn íþróttahúsa þurfa að taka sig verulega á í að lagfæra ástandið og þarf heilbrigðiseftirlitið að fylgjast með að svo verði gert.



## INNGANGUR

Árlegt eftirlitsverkefni Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar á sviði hollustuhátta árið 2009 var að kanna þrif og öryggisatriði í íþróttahúsum.

Álag getur verið mikið í íþróttahúsum og eru sum þeirra í notkun frá því snemma á morgnana til seint á kvöldin. Það er því mikilvægt að þrifum sé vel stjórnað til að viðhalda heilsusamlegu umhverfi í húsunum, fyrirbyggja smit t.d. á fótspættum og vörtum og koma í veg fyrir ryksköfnun sem getur valdið óþægindum í öndunarvegi. Í íþróttahúsum er oft mikið úrval áhalda og tækja í notkun og nauðsynlegt er að fylgst sé vel með viðhaldi þeirra, endurnýjun og þrifum til að tryggja öryggi notenda. Í ljósi þessa ákvað Hollustuhópur, sem er samráðshópur Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar að kanna hvernig staða þessara mála væri á landsvísu. Undirbúningur að verkefninu var unninn í Hollustuhópi.

Gerður var spurningalisti (sjá viðauka), sem notaður var við eftirlitsverkefnið. Spurningar 1-4 eru um þrif og loftræsinguna og spurningar 5-12 um öryggismál og kvartanir.

Allar spurningar byggja á ákvæðum í reglugerð um hollustuhætti, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir íþróttahús þau er að finna á umhverfisstofnun.is, eða Reglum um öryggi í íþróttahúsum sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2003.

### Framkvæmd verkefnisins


Heilbrigðisfulltrúar framkvæmdu eftirlitið, fylltu út spurningalista og færðu niðurstöður inn í þar til gerðan gagnagrunn á heimasíðu UST. Umhverfisstofnun sá um uppsetningu á gagnagrunni, úrvinnslu gagna og ritun skýrslu. Eftirlitið fór fram á vor- og haustmánuðum 2009, en hlé var tekið yfir sumarmánuðina þar sem starfsemi er minni eða engin í mörgum húsum á þeim tíma. Íþróttahús sem valin voru í verkefnið eru ýmist við grunnskóla, íþróttamiðstöðvar eða á vegum íþróttafélaga. Fjöldi íþróttahúsa í verkefninu var ákveðinn á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði fyrir sig. Heildarfjöldi íþróttahúsa í verkefninu var 85.

Landinu er skipt í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði og tóku þau öll þátt í verkefninu.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis (HHK), Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER), Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis (HKJ), Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HVE), Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (HVF), Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV), Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE), Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST), Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL), Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HS).


## NIÐURSTÖÐUR

### Þrif og loftræsting




#### SPURNING 1

Spurning 1 er í fimm liðum og spurt var um hvort skrifleg hreinlætisáætlun væri til staðar. Í skriflegri hreinlætisáætlun á að koma fram: svæði sem á að þrifa, tíðni þrifa, tegund ræstiefna og blöndun þeirra, áhöld til þrifa og vinnulýsing. Í ljós kom að skrifleg hreinlætisáætlun fyrir húsnæði er til staðar í um 90% íþróttahúsanna, nokkuð færri íþróttahús hafa skriflega hreinlætisáætlun fyrir tæki og búnað, eða 60%. Í c lið spurningarinnar er spurt hvort fjölnotaíþróttahús séu þriffin í lok dags. Niðurstaðan er að í um 86 % tilvika fara þrif fram í lok dags, en tilgangurinn með spurningunni var að kanna hvort húsin væru hrein þegar kennsla skólubarna hefst að morgni, en ekki er hægt draga endanlega ályktun þar að lútandi þar sem þrif gætu einnig farið fram að morgni áður en kennsla hefst, en um það var ekki spurt. Skrifleg hreinlætisáætlun fyrir þrif á blóði og allsherjarþrif voru aðeins til í um helmingi húsanna.



#### SPURNING 2

Í spurningu 2 var spurt um ræstiaðstöðu. Í ljós kom að ræstiaðstaða er víðast hvar í góðu lagi, þær eru vel loftræstar og skolvaskur næstum alltaf til staðar. Efnavöru s.s. ræstiefni, á að geyma í læstri hirslu en það er aðeins í rúmlega 80% tilfella sem svo er. Hér er um öryggisatriði að ræða, efnavöru á að geyma þar sem börn ná ekki til.




#### SPURNING 3 & 4

Í spurningu 3 var spurt um sjónrænt mat heilbrigðisfulltrúa á þrifum íþróttahúsnæðisins og var niðurstaða þeirra að almennt væru þrifin góð.


Í spurningu 4 var spurt um hvort loftræstikerfi væri til staðar. Svo reyndist vera í 83 íþróttahúsum af 85. Loftræstikerfi þarfnast góðrar þjónustu / reksturs, svo að þau virki rétt. Í þessari könnun var ekki farið út í þjónustu eða reksturs loftræstikerfanna.

## Öryggisatriði




### SPURNING 5

Í spurningu 5 var spurt um hvort skriflegar umgengisreglur væru sýnilegar gestum íþróttahúsanna. Umgengisreglur segja til um hvernig umgengni og hegðun gesta eigi að vera í íþróttahúsinu og dæmi um slíkar reglur er að finna í Reglum um öryggisþætti í íþróttahúsum. Í um 66% tilfella eru skriflegar umgengisreglur sýnilegar gestum.




### SPURNING 6

Í spurningu 6 var spurt um reglulegt eftirlit með tækjum og búnaði og hvort reglur menntamálaráðuneytisins séu til staðar. Til að tryggja öryggi nemenda og gesta í íþróttahúsum þarf eftirlit með tækjum og áhöldum að vera í föstum skorðum og fara fram reglulega. Slíkt reglulegt eftirlit fer fram í 70% íþróttahúsanna. Reglur menntamálaráðuneytisins um öryggi í íþróttahúsum voru einnig til staðar í um 70% íþróttahúsanna.




### SPURNING 7

Í spurningu 7 er spurt um hitastýrð blöndunartæki við böð og handlaugar. Hitastýrð blöndunartæki eru öryggisatriði til að koma í veg fyrir húðbruna og eiga að vera við allar handlaugar og böð. Niðurstaðan er að svo er í 94% tilfella.




### SPURNING 8

Í spurningu 8 er spurt um skriflega neyðaráætlun og slysaskráningu. Neyðaráætlun er verklagsreglur starfsfólks um viðbrögð við slysum. Hana þarf að æfa reglulega til þess að starfsfólk hafi hlutverk sitt á hreinu og öll viðbrögð verði fumlauð þegar slys ber að höndum. Slík neyðaráætlun er til staðar í rúmlega 63% tilfella. Slysaskráning fer fram í um 84% íþróttahúsanna.



### SPURNING 9

Í spurningu 9 var spurt um hvort starfsfólk hafi lokið skyndihjálparnámskeiði. Í Reglum um öryggi í íþróttahúsum segir að forráðamaður íþróttahúss eigi að sjá til þess að starfsfólk fái námskeið í skyndihjálpar. Við iðkun íþróttavæða oft óhöpp og stundum alvarleg slys og þá er nauðsynlegt að starfsfólk kunni að bregðast rétt við. Í 76% tilfella hafði starfsfólk lokið skyndihjálparnámskeiði.




### SPURNING 10

Í spurningu 10 er spurt um skyndihjálparbúnað. Í íþróttahúsum á að vera til staðar skyndihjálparbúnaður og í Reglum um öryggi í íþróttahúsum er listi yfir lágmarksbúnað sem þarf að vera til staðar. Þennan búnað þarf að yfirfara reglulega og sjá til þess að ekkert vanti. Í könnun þessari var aðeins spurt um allra mikilvægasta búnað af þessum lista. Sjúkrakassi er til staðar í öllum íþróttahúsum sem skoðuð voru nema einu, súrefniskútur var til staðar í 30% íþróttahúsanna, sjúkrabörur í 80% íþróttahúsanna og stillanlegur hálskragi í 50% íþróttahúsanna.

### SPURNING 11

Í spurningu 11 er spurt um skriflega skráningu kvartana. Í ljós kom að skrifleg skráning kvartana var aðeins viðhöfð í 25 húsum eða tæplega 30 % og eru aðrar niðurstöður úr þessari spurningu því ekki marktækar. Flestar kvartanir eða 11 voru vegna hávaða, 3 kvartanir voru vegna fótisveppa, 6 vegna varta og 9 vegna annars.



### SPURNING 12

Í spurningu 12 var spurt um hvort sjúkraherbergi eða aðstaða til aðhlyningar væri til staðar. Í hverju íþróttahúsi á að vera slík aðstaða til aðhlyningarar veikum eða slösuðum. Þar á meðal annars að vera hvíldar- / skoðunarbekkur, sjúkrabörur og flytjanlegt súrefnistæki til endurlífunar. Sjúkraherbergi / aðstaða til aðhlyningar var til staðar í 50% íþróttahúsa.



## UMRÆÐA

### Prif og loftræsting

Eins og nefnt er í inngangi er álag í mörgum íþróttahúsum mjög mikið og sum þeirra í nær stanslausri notkun frá því snemma á morgnana og langt fram á kvöld. Við slíkar aðstæður sem og í öðrum íþróttahúsum þar sem álag er minna er mjög mikilvægt að skipulag þrifa sé í föstum skorðum og að starfsfólk sem sinnir þeim hafi góðar leiðbeiningar. Í skriflegri hreinlætisáætlun á að koma fram: svæði sem á að þrifa, tíðni þrifa, tegund ræstiefna og blöndun þeirra, áhöld til þrifa og vinnulýsing.

Niðurstöður úr 1. spurningu leiða í ljós að almenn þrif í íþróttahúsum virðast vera í góðu lagi og sjónrænt mat heilbrigðisfulltrúa á almennum þrifum styður það. Nauðsynlegt er að forstöðumenn íþróttahúsa taki sig á í að koma á skriflegri hreinlætisáætlun fyrir þrif á tækjum og búnaði. Jafnvel þó menn telji að ekki sé þörf á að þrifa tæki og búnað eins oft og húsnæðið þá þarf að vera til skrifleg hreinlætisáætlun fyrir þessi þrif og þau framkvæmd. Verulega vantar á að skrifleg áætlun sé til staðar fyrir allsherjarþrif og þrif á blóði og líkamsvessum.

Vel loftræst ræstiaðstaða með skolvaski er til staðar í öllum húsunum en nokkuð vantar á að hún sé læst. Hreinsiefni geta verið hættuleg og eiga að geymast þar sem börn ná ekki til. Loftræsikerfi er í allflestum húsanum en í þessari könnun var ekki kannað hvernig virkni þeirra er.

### Öryggisatriði

Í inngangi að Reglum um öryggi í íþróttahúsum segir að þeim sé fyrst og fremst ætlað að taka til íþróttahúsa og íþróttasala, sem ætlaðir eru til kennslu í íþróttum í almenna skólakerfinu og til æfinga á vegum íþróttafélaga. Í húsunum geti leynst hættur og að það sé siðferðileg skylda eigenda að draga úr þeim eins og kostur er en miklu varðar að öryggi íþróttaiðkenda og gesta sé sem best tryggt á hverjum tíma. Einnig er að finna lista yfir skyndihjálparbúnað, dæmi um neyðaráætlun, umgengisreglur og fleira. Reglurnar auðveldar því ábyrgðaraðilum við að koma öryggismálum í íþróttahúsum í gott horf, en þær voru til staðar í um 70% húsanum. Það að þær eru ekki til staðar í um 30% skýrir ef til vill að hluta til það sem könnunin sýnir að er ábótavant í öryggismálum. Því er mikilvægt að forstöðumenn íþróttahúsa verði sér úti um ofangreindar Reglur hið fyrsta til að auðvelda sér að koma þessum málum í lag. Að undanskildum hitastýrðum blöndunartækjum og sjúkrakassa sem voru til staðar í yfir 90% húsanum þá eru öryggisþættir sem spurt var um ekki í nógu góðu lagi, s.s. neyðaráætlun, skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk, reglulegt eftirlit með búnaði til íþróttaiðkenda sem og sjúkraherbergi eða aðstaða til aðhlynningar.

Forstöðumenn íþróttahúsa þurfa að taka sig verulega á í að lagfæra ástandið og þarf heilbrigðiseftirlitið að fylgjast með að svo verði gert.

### Samantekt svara

SVÖR NR	JÁ	NEI	% JÁ	% NEI
1a	77	8	90,6	9,4
1b	51	32	61,4	38,5
1c	72	11	86,7	13,3
1d	39	45	46,4	53,6
1e	45	38	54,2	45,8
2a	80	5	94,1	5,9
2b	84	1	98,8	1,2
2c	69	16	81,1	18,9
3	81	4	95,3	4,7
4	83	2	97,6	2,4
5	55	28	66,3	33,7
6a	60	23	72,3	27,7
6b	59	25	70,2	29,8
7	79	5	94,0	6,0
8a	52	30	63,4	36,6
8b	69	13	84,1	15,9
9	65	19	77,4	22,6
10a	83	1	98,8	1,2
10b	34	50	40,5	59,5
10c	67	16	80,7	19,3
10d	42	41	50,6	49,4
11a	3	80	3,6	96,4
11b	6	78	7,1	92,9
11c	11	72	13,3	86,7
11d	9	74	10,8	89,2
11e	25	57	30,5	69,5
12	41	40	50,6	49,4

## Viðauki

	Innra eftirlit		Athugasemd	reglug.hollustuhætti Öryggis og eftirlitshandbók Starfsleyfisskiptir
1)	Er skrifleg hreinlætisáætlun fyrir (dagleg þrif, vikuleg þrif, allsherjarþrif) a) húsnæði b) tæki og búnað c) er fjölnota íþróttahús þrifið í lok dags d) fyrir sérþrif s.s. blóð og líkamsvessar e) allsherjarþrif	já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( )		11. gr., 14. gr., 54. gr. Öryggismappa kafla 12 starfsl.sk.
2)	Er lokuð ræstiaðstaða a) loftræst b) með skolvaski c) læst vegna efnavöru	já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( )		14. gr., 37. gr. starfsl.sk. Öryggismappa 10 gr.
3)	Sjónrænt mat heilbrigðisfulltrúa á þrifum a) fullnægjandi b) ófullnægjandi	já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( )		
4)	Er loftræsikerfi í húsnæðinu?	já ( ) nei ( )		11. gr starfsl.sk.
5)	Eru skriflegar umgengisreglur sýnilegar gestum?	já ( ) nei ( )		Öryggismappa 8. kafla
6)	a) Fer fram reglulegt eftirlit með búnaði til íþróttaiðkana b) Eru til staðar Reglur um öryggi í íþróttahúsum, Mmr 2003?	já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( )	slit, fúti, burðarþol, festingar og fl.	Öryggismappa gr. 5 og kafla 9.
7)	Eru hitastýrð blöndunartæki við böð og handlaugar - 43°C ?	já ( ) nei ( )		14. gr.
8)	a) Er skrifleg neyðaráætlun til staðar? b) Er slysaskráning til staðar?	já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( )		54. gr. Öryggismappa
9)	Hefur starfsfólk lokið sérstöku námskeiði í skyndihjálparbúnaði fyrir íþróttahús?	já ( ) nei ( )		Öryggismappa 3.gr. 8 gr.
10)	Er til staðar skyndihjálparbúnaður ? a) sjúkrakassi b) súrefnistæki c) sjúkrabörur d) stillanlegur hálskragi	já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( )		Öryggismappa kafla 3
11)	Eru kvartanir vegna: a) fótisveppa b) varta c) hávaða d) annað e) eru kvartanir skráðar?	já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( ) já ( ) nei ( )		
12)	a) Er sjúkraherbergi/aðstaða til aðhlynningar til staðar ? (s.s. legubekkur, handlaug)	já ( ) nei ( )		Öryggismappa kafla 5 38. gr regl.þar sem um kennsluhúsnæði er að ræða

Undirskrift þess sem gefur uppl. \_\_\_\_\_

